

Mánudaginn 11. nóvember 1991.

Nr. 49/1990. **Þórður Óskarsson hf.**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Gunnari Mariússyni

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

og gagnsök

Vinnusamningur. Sjómenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1990. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málínu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. febrúar 1990. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða sér 134.440 krónur ásamt dráttarvöxtum á ári, sem nemi 24% frá 1. mars 1989 til 1. apríl s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. maí s.á. og 38,4% frá þeim degi til 6. júní s.á., og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með sameiginlegri yfirlýsingu 30. október 1990 hafa málsaðilar staðfest, að sú skuld aðaláfrýjanda við gagnáfrýjanda, sem viðurkennd var með hinum áfrýjaða dómi, sé að fullu upp gerð, þ.á m. vextir og málskostnaður í héraði vegna þess þáttar málsins. Eigi þeir ekki annað óútkljáð en kröfu gagnáfrýjanda um laun fyrir sex vikur til viðbótar þeim sex, sem hin viðurkennda skuld tekur til, þ.e. tímabilið 15. janúar til 28. febrúar 1989. Kröfugerð aðila fyrir Hæstarétti sé við þetta miðuð, og deili þeir ekki um fjárhæð launanna.

Í máli þessu er það ágreiningslaust, að gagnáfrýjanda hafi verið boðið að halda stöðu sinni sem stýrimaður á fiskveiðiskipinu Sól-fara, AK-170, eftir að nýr eigandi tæki við skipinu af aðaláfrýjanda um miðjan desember 1989. Hann kaus sjálfur að hafna því boði.

Í 2. og 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 er kveðið á um heimild skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi, þegar skip er selt öðrum innlendum útgerðarmanni, og um rétt hans til kaups í

sex vikur, nema venjulegur uppsagnarfrestur sé skemmri en því nemur. Telja verður, að lagaákvæðum þessum verði beitt eftir orðum sínum, eins og hér stendur á. Ber því að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda um sýknu í málinu, svo sem það liggur nú fyrir Hæstarétti.

Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Þórður Óskarsson hf., á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Gunnars Maríussonar.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. desember 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. desember sl., er höfðað af Gunnari Maríusyni, kt. 070963-2139, Vallargötu 34, Sandgerði, með stefnu, birtri 8. maí 1989, á hendur Þórði Óskarssyni hf., kt. 420369-2209, Krókatúni 15, Akranesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 367.910 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af umdeildum kröfulið, 134.440 kr., vegna launa í sex vikna umframuppsagnarfresti og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ auk 12% söluskatts skv. 18. gr. l. nr. 1/1988.

Við munnlegan málflutning lýstu aðilar yfir því, að ekki væri ágreiningur um, að stefndi ætti óuppgerðar við stefnanda launagreiðslur vegna nóvember 1988, 99.030 kr., auk launa í sex vikna uppsagnarfresti, 134.440 kr., samtals 233.470 kr., sem stefnda beri að greiða stefnanda. Ágreiningur standi hins vegar um laun fyrir sex vikna viðbótaruppsagnarfrest, 134.440 kr.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að 19. september 1988 réð hann sig 1. stýrimann á Sólfa, AK-170, sem stefndi átti og gerði út.

Um mánaðamót nóvember/desember 1988 hafi honum borist bréf, dags. 29. nóvember 1988, þar sem honum var tilkynnt, að báturinn hefði verið seldur. Jafnframt hafi honum verið tilkynnt, að honum stæði til boða að halda stöðu sinni á bátnum hjá nýjum eiganda, og hafi það síðar verið staðfest með skeyti, dags. 13. desember 1988. Í bréfi stefnda hafi einnig verið tekið fram, hver réttur stefnanda væri að álitum stefnda.

Stefnandi hafi hafnað stöðu hjá hinum nýja eiganda skipsins og jafnframt tilkynnt stefnda, að hann teldi sig eiga laun í þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda hefði hann ekki sagt starfi sínu lausu og vildi raunar ekki gera það. Hins vegar hefði stefndi rift ráðningarsamningnum með því að selja skipið.

Stefndi hafi ekki greitt stefnanda kaup í uppsagnarfresti, ekki heldur þann tíma, sem hann telji þó sjálfur, að honum beri skylda til. Enn fremur hafi stefndi ekki gert upp við stefnanda kaup fyrir nóvember 1988. Sé þar um að ræða samtals 233.470 kr., um það bil 63% hinnar umstefndu fjárhæðar. Hins vegar hafi stefnanda borist launamiði 1989 vegna launa 1988 frá stefnda, og auk þess hafi borist innborgun á laun vegna nóvember 1988, að fjárhæð 110.000 kr.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Kröfu um greiðslu launainneignar vegna nóvember 1988 kveður stefnandi reista á ákvæðum sjómannalaga nr. 35/1985 og kjarasamningi LÍÚ og FFSÍ.

Krafan um greiðslu kaups í þriggja mánaða uppsagnarfresti er reist á 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sem kveði á um, að uppsagnarfrestur yfirmanna (stýrimanns) sé þrír mánuðir. Stefnandi hafi verið ráðinn ótímabundinni ráðningu í tiltekið skiprúm, og við sölu skipsins hafi ráðningarsamningur hans og stefnda rofnað með þeim hætti, að stefnanda beri fullt kaup á uppsagnartímanum, þ.e. í 3 mánuði. Óumdeilt sé í þessu sambandi, að stefnandi eigi fullt kaup óháð launum annars staðar frá á uppsagnartímanum.

— — —

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi kveður það hafa komið skýrt fram í bréfi því, sem hann sendi stefnanda 29. nóvember 1988, að honum stæði til boða áframhaldandi starf hjá kaupanda skipsins. Í bréfinu séu 2. mgr. og 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 raktar orðrétt og jafnframt skorað á stefnanda að skýra frá því, hvort hann vilji starfa áfram á skipinu. Með símskeyti hafi kaupandi skipsins staðfest það. Sé í skeytinu sérstaklega skorað á stefnanda að skýra frá því, hvort hann vilji halda áfram á skipinu eða ekki. Sé honum gefinn 48 klst. frestur til að svara, ella sé litið svo á, að hann vilji ekki

þiggja starfið og sé hættur á skipinu. Hafi með skeyti þessu verið (sic) að þvinga stefnanda til að tjá sig einhvern tíma um það, hvað hann ætlaði sér að gera.

Sama dag og stefnanda barst skeytið hafi hann gefið svar sitt með bréfi, dags. 13. desember 1988. Sé svar stefnanda fólgið í því, að hann hafni því að starfa áfram á skipinu hjá kaupanda þess og tilkynni jafnframt, að hann muni ekki segja upp starfi 1. stýrimanns hjá stefnda, m.ö.o., að hann muni hvorki halda áfram á skipinu né hætta.

Þegar þessi afstaða stefnanda lá fyrir, hafi kaupandi skipsins ráðið annan stýrimann í stað stefnanda, og hafi hann nú greitt stefnanda kaup í sex vikur, eins og 2. mgr. og 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga segi, en stefnandi telji sig eiga rétt á kaup í þrjá mánuði, og deili aðilar um það, hvort stefnandi eigi rétt á launum í þrjá mánuði eða sex vikur.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Stefndi styður sýknukröfu sína eftirfarandi atriðum:

Í 2. mgr. og 3. mgr. 22. gr. 1. nr. 35/1985 séu skýr ákvæði um það, hvernig fari um rétt skipverja til kaups, þegar skip sé selt innlendum útgerðarmanni, en ákvæði þessi hljóði svo:

„Sé skip selt öðrum innlendum útgerðarmanni, er skipverja heimilt að krefjast lausnar úr skiprúmi, en segja verður þá skipverji skiprúmi sínu lausu, þegar eftir að hann fær vitneskju um þetta.

Eigi skipverji rétt á lausn úr skiprúmi af þessum sökum, á hann rétt til kaups í sex vikur, nema uppsagnarfrestur sé skemmri tími. Innan þess tíma ber skipverja að vinna venjuleg skipsstörf, uns skipið er afhent hinum nýja eiganda. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga því aðeins við, að skipið sé afhent hinum nýja eiganda, áður en ráðningu hefði lokið fyrir uppsögn.“

Þar sem stefnandi hafi hafnað boði um áframhaldandi starf á skipinu, rift ráðningarsamningi sínum vegna sölunnar, hafi honum borið réttur til kaups í sex vikur skv. 2. og 3. mgr. 22. gr. 1. nr. 35/1985, sbr. og dóm Hæstaréttar í málinu nr. 36/1988: Jörundur Bjarnason gegn Rækjuveri hf. Í greinargerð sinni var því haldið fram af hálfu stefnda, að hann hefði greitt stefnanda þessi laun í sex vikna uppsagnarfresti, en undir rekstri málsins var það leiðrétt og sá hluti kröfunnar viðurkenndur auk launa fyrir nóvember, eins og að framan greinir. Beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda fyrir laun í sex vikna umframuppsagnarfresti, enda liggi ljóst fyrir í máli þessu, að stefnandi rifti ráðningarsamningi sínum sjálfur, en honum hafi ekki einhliða verið sagt upp störfum af stefnda, sem hafi verið tilvikið í fyrrgreindu hæstaréttarmáli. Leggi stefnandi sérstaka áherslu á þetta atriði.

— — —

Niðurstaða.

Málavextir í máli þessu eru í sjálfu sér óumdeildir. Stefnandi fékk tilkynningu um sölu skipsins og afhendingartíma þess með bréfi, dagsettu 29. nóvember 1988, þar sem skorað er á hann með vísan til 2. og 3. mgr. 22. gr. 1. nr. 35/1985 að skýra frá því, hvort hann vilji starfa áfram á skipinu eða ekki. Þetta var síðan staðfest með símskeyti kaupanda skipsins 13. desember s.á. Sama dag svaraði stefnandi bréfi stefnda, þar sem hann hafnaði áframhaldandi störfum á skipinu. Þrátt fyrir það að stefnandi segi jafnframt í bréfinu, að hann muni ekki segja upp stöðu sinni á skipinu, verður að líta svo á, að með því að hafna áframhaldandi störfum á því jafngildi það uppsögn.

Ágreiningur er með aðilum um túlkun á 2. og 3. mgr. 22. gr. 1. nr. 35/1985, en ákvæði þetta felur í sér nýmæli, sem ekki var í eldri lögum. Lagagrein þessari er skipað í II. kafla 3 í lögunum, en um þann kafla segir svo í greinargerð með frumvarpi til laganna, að byggt sé á sömu grundvallarreglum og í sjómannalögum frá 1963, þótt gert sé ráð fyrir nokkrum breytingum og nýmælum, sem feli í sér kjarabætur handa sjómönnum.

Þrátt fyrir það að gert sé ráð fyrir því í greinargerð, að þær breytingar og nýmæli, sem sé að finna í kaflanum, feli í sér kjarabætur handa sjómönnum, verður ekki af orðalagi frumvarpsins ráðið, að allar breytingar eða öll nýmæli skuli fela í sér kjarabætur.

Framangreind lagagrein felur í sér rétt skipverja til þess að krefjast lausnar úr skiprúmi, sé skipið selt öðrum innlendum aðila, og á hann þá rétt á sex vikna uppsagnarfresti. Kjósi hann á hinn bóginn að halda áfram störfum á skipinu, verður honum ekki sagt upp með skemmri uppsagnarfresti en þremur mánuðum, sbr. 2. mgr. 9. gr. 1. nr. 85/1935 (sic). Er ákvæðið í lögunum skýrt að þessu leyti.

Eins og að framan greinir, ber að líta svo á, að stefnandi hafi nýtt sér heimild sína skv. 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga til að segja sig lausan úr skiprúmi, og ber stefnda því að greiða honum laun í sex vikna uppsagnarfresti, sbr. 3. mgr. s.l. (sic). Ekki er ágreiningur um það með aðilum, að kaup fyrir þann tíma er ógreitt. Þá er viðurkennt af hálfu stefnda, að hann skuldi stefnanda enn fremur laun fyrir nóvembermánuð. Samtals nema þær greiðslur 233.470 kr., og er ekki ágreiningur um þá fjárhæð. Vaxtakröfur eru óumdeildar.

Ber stefnda því að greiða stefnanda framangreindar 233.470 kr. ásamt vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Þá ber stefnda að greiða stefnanda 77.000 kr. í málaskostnað, og er þar með talinn söluskattur.

Sígiður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Þórður Óskarsson hf., Krókatúni 15, Akranesi, greiði stefnanda, Gunnari Mariussyni, Vallargötu 34, Sandgerði, 233.470 kr. ásamt 24% dráttarvöxtum á ári af 99.030 kr. frá 1. desember 1988 til 1. janúar 1989, með 21,6% dráttarvöxtum á ári af 188.657 kr. frá þeim degi til 1. febrúar s.á., af 233.470 kr. frá þeim degi til 1. mars s.á., með 24% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. maí s.á., með 38,4% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 6. júní s.á., en með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði stefndi stefnanda 77.000 kr. í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
